

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 92/1958. **Ingolf Petersen**

gegn

Lúðvíg Eggertssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun frá Hæstarétti. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 19. júní þ. á., er barst Hæstarétti 21. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 12. s. m., í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og Sælgætisgerðinni Friðu. Sóknaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Kæra máls þessa er nægilega snemma fram kominn.

Þar sem sóknaraðili hefur látið hjá líða að hafa uppi kröfur í kærumáli þessu og senda greinargerð, vísast málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti. Þá verður sóknaraðilja og dæmt að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Sýnt er, að kæra máls þessa er gerð í því einu skyni að tefja héraðsdómsmál aðilja að óþörfu. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 14/1948, verður því kæranda, Ingolf Petersen, dæmt að greiða 600 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Ingolf Petersen, greiði varnaraðilja, Lúðvíg Eggertssyni, kr. 1500.00 í kærumálskostnað.

Ingolf Petersen greiði 600 króna sekt í ríkissjóð, og

komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1958.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. þ. m., hefur Lúðvíg Eggertsson kaupmaður, Hverfisgötu 32, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 31. f. m., gegn Ingolf Petersen, Ingólfsstræti 13, Reykjavík, persónulega svo og gegn Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 12.870.00, útgefins 1. maí 1958 af Ingolf Petersen og samþykkt af honum f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu til greiðslu í Útvegsbankanum í Reykjavík hinn 15. maí 1958, en á víxli þessum, sem afsagður var vegna greiðslufalls hinn 17. maí 1958, er útgefandi ábekingur.

Stefnandi hefur krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum fjárhæð víxilsins, kr. 12.870.00, með 7% ársvöxtum frá 15. maí 1958 til greiðsludags, kr. 31.00 í stimpilkostnað, kr. 116.00 í banka- og afsagnarkostnað og málskostnað eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest 3. þ. m. Af hálfu stefnanda var þá lagt fram stefna og fyrrgreindur víxill. Stefndi, Ingolf Petersen, sótti sjálfur þing og fékk hann viku frest til ritunar greinargerðar. Er málið var tekið fyrir á ný hinn 10. þ. m., mætti stefndi ekki sjálfur, en sendi umboðsmann fyrir sig. Óskaði umboðsmaðurinn eftir tveggja vikna framhaldsfresti til greinargerðar. Umboðsmaður stefnanda neitaði að veita frekari frest í málinu. Var atriðið þá tekið til úrskurðar samkvæmt kröfu umboðsmanns stefnda.

Mál það, sem hér er um að ræða, er víxilmál, sem höfðað er samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936. Varnir, sem hafðar verða uppi í málinu, eru því takmarkaðar. Af hálfu varnaraðilja hefur ekki verið gerð nein grein fyrir því, hvers vegna þegar veittur frestur hefur ekki nýtt, en hann þykir, eins og atvikum er háttað, nægjanlegur. Af þessum sökum er ekki unnt, gegn mótmælum stefnanda, að veita hinn umbeðna frest.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 96/1958. Karl Sawitsky

gegn

Inga B. Ársælssyni og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærð ákvæði héraðsdóms um frávisun og málskostnað.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 19. júní 1958, er barst Hæstarétti 23. s. m., hefur aðalkærandi kært til Hæstaréttar frávisunardóm bæjarþings Kópavogs frá 12. s. m., en með dómi þessum var gagnsök aðalkærandi í máli gagnkærandi á hendur honum vísað frá dómi, en málskostnaður skyldi falla niður. Krefst aðalkærandi þess, að hinn kærði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar bæði úr hendi gagnkærandi persónulega og fyrir hönd umboðs- og heildverzlunarinnar Orbis.

Gagnkærandi hefur fyrir sitt leyti kært málskostnaðarákvæði framangreinds frávisunardóms með kæru 19. júní 1958, sem barst Hæstarétti ásamt aðalkærunni. Krefst hann málskostnaðar að skaðlausu í gagnsök í héraði, en að hinn kærði dómur verði að öðru leyti staðfestur. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi aðalkærandi.

Með skírskotun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta frávisun frá héraðsdómi á kröfu aðalkærandi um kr. 3600.00, sem hann telur töpuð laun sín sumarið 1957, og á kr. 4139.64 af kr. 4524.19, sem hann telur útlagt fé af sinni hálfu. Hins vegar þykja ekki næg rök til að vísa frá héraðsdómi kr. 384.55 (þ. e. jafnvirði 84.74 þýzkra marka) af hinni síðargreindu fjárhæð, sem aðalkærandi telur sig